

## Harmur heillar fjölskyldu

Hjón og sonur þeirra létust þegar flugvél brotlenti utan flugvallar í Fljótshlíð á sunnudagskvöld. Annar sonur þeirra og tengdadóttir liggja þungt haldin á sjúkrahúsi. **Sjá síðu 6**



Fulltrúar frá rannsóknarnefnd samgönguslysa og lögregla hófu vettvangsrannsókn strax á sunnudagskvöld. Nokkrar vikur gæti tekið að fá niðurstöðurnar. FRÉTTABLAÐIÐ ANTON BRINK

### Of langur biðtími eftir upplýsingum

**STJÓRNSÝSLA** Frumvarp um breytingar á upplýsingalögum gerir ráð fyrir að lögfesta fimm mánaða málsmeðferðartíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

„Okkur yfirsást að frumvarpið geri ráð fyrir því að orðin „svo fljótt sem verða má“ falli brott úr lögunum með því að 150 daga hámarkstíminn komi inn. Það var ekki markmiðið og ég hef óskað eftir því við nefndina að orðin fari aftur inn áður en frumvarpið verður samþykkt,“ segir Jón Þór Ólafsson, framsögumaður málsins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Bládamadur segir að eðli máls samkvæmt geti upplýsingar og gögn misst gildi sitt ef svo langur tími líði.

– áá / sjá síðu 4

#### Fréttablaðið í dag

##### Halldór



**SKOÐUN** Guðlaugur Þór Þórðarson skrifar um Rússland. **10**

**SPORT** Ísland ætlar að reyna að stöðva sigurgöngu Tyrkja. **14**

**MENNING** Verk 19 lettneskra listamanna sýnd í Listasafninu á Akureyri. **40**

**LÍFIÐ** Benedikt Kristjánsson tenór heldu útgáfutónleika. **44**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**  
● FÓLK ● FASTEIGNABLAÐIÐ

\*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015

SÓMA SAMLOKA OG GOS FRÁ ÖLGERÐINI

**499** KR.


SÓMA LANGLOKA OG GOS FRÁ ÖLGERÐINI

**599** KR.

**Iceland**

ENGIHJALLI • VESTURBERG • ARNARBAKKI • GLÆSIBÆR • STAÐARBERG

## Veður



Hæg breytileg átt eða hafgola og víða léttskýjað í dag, en skýjað með köflum SA-lands. Hiti yfirleitt 12 til 18 stig, en svalara á A- og SA-landi. **SJÁ SÍÐU 18**



Fáir þingmenn hafa hlýtt á umræður um þriðja orkupakkann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Orkupakkinn aftast á dagskrá Alþingis í dag

**ALÞINGI** Fundur hefst á Alþingi klukkan hálf ellefu í dag. Fyrir utan óundirbúnað fyrirspurnir sem er fyrsti dagskrárliðurinn eru 40 mál á dagskrá fundarins. Þriðji orkupakkinn og tengd mál eru aftast á dagskránni en enn hefur ekki náðst samkomulag um hvernig ljúka eigi þingstörfum fyrir sumarleyfi.

# 138

klukkustundir rúmar hefur umræðan um þriðja orkupakkann staðið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa einhverjar óformlegar viðræður átt sér stað um helgina. Formlegar viðræður forystufólks flokkanna á þingi hefjast aftur í dag.

Þegar umræðu um þriðja orkupakkann var frestað í síðustu viku voru sjö þingmenn Miðflokksins enn á mælendaskrá. Formaðurinn, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, beið þess þá að flytja 45. ræðu sína í málinu.

Meðal þeirra mála sem koma til 2. umræðu í dag eru frumvarp sem heimilar innflutning á fersku kjöti, frumvarp um þjóðarsjóð og frumvarp um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. – sar

## Fjör í blíðviðrinu



Íbúar höfuðborgarsvæðisins nýttu blíðviðrið um hvítasunnuhelgina til útiveru. Eins og sjá má var mikið fjör í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og var mikill mannfjöldi þar samankominn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá blíðviðrinu er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

## Nara kærir ríkið til MDE

**DÓMSMÁL** Nara Walker, sem sakfelld var fyrir að bíta hluta úr tungu fyrrverandi eiginmanns síns, hefur kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Nara sendi frá sér í gær.

Nara hefur safnað yfir 43 þúsund undirskriftum sér til stuðnings og ætlar hún að afhenda forseta Alþingis undirskriftalistann í hádeginu á morgun. Hún hefur ritað alþingismönnum bréf og boðið þeim að vera viðstaddir afhendinguna.

„Ég tel mál mitt endurspeglar alvarlegar brotalamir í íslensku réttarkerfi þegar kemur að málum sem snúa að ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi,“ er haft eftir henni í tilkynningunni.

Hún telur að íslenskt réttarkerfi hafi brugðist sér en hún var leyst úr haldi í mars eftir um þriggja mánaða dvöl í fangelsi. Þótt Nara sé laus úr haldi sætir hún enn farþanni á meðan hún lýkur skilorðsbundnum dómi. – ilk

# Tyrkir fóru mikinn á samfélagsmiðlum

Uppþvottabursti í viðtali og langur tími í öryggisleit hafa verið áberandi í aðdraganda leiks Íslands og Tyrklands í undankeppni EM karla í fótbolta. Borgarfulltrúi var meðal þeirra sem urðu fyrir barðinu á reidum Tyrkjum.

**FÓTBOLTI** „Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið þegar ég fór allt í einu að fá fullt af skilaboðum og viðbrögðum frá einhverjum Tyrkjum,“ segir borgarfulltrúinn Katrín Atladóttir. Hún, eins og fleiri Íslendingar, varð fyrir barðinu á reidum Tyrkjum í kjölfar þess að maður sást ota uppþvottabursta að Emre, fyrirlíða tyrkneska liðsins, þar sem hann ræddi við fjölmiðla.

Stuðningsmenn tyrkneska liðsins mögduðust mjög vegna þessa athæfis og héldu margir í fyrstu að um íslenskan íþróttafréttamann væri að ræða. Sú er þó ekki raunin því sökudólgurinn virðist vera belgískur ferðamaður.

Katrín komst að því að einhver hafði tekið mynd af Twitter-reikningi hennar sem sýnir hana taka mynd af syni sínum þar sem hann er með höfuðið ofan í sjó og deilt. Textinn sem fylgdi var samkvæmt Google Translate eitthvað á þá leið að íslenskar konur drekktu börnum sínum og tækju af því mynd.

„Þá byrjaði ég að fá fullt af viðbrögðum og spurningum um hvort ég þekkti burstamanninn. Ég fór og horfði á myndbandið úr Leifsstöð. Þetta er náttúrulega fáránlega fyndinn brandari, að taka viðtal við einhvern með uppþvottabursta.“

Sjálf ætlar Katrín að mæta á leikinn sem hefst klukkan 18.45 í kvöld. „Ég fer með syni mínum, við látum okkur ekki vanta á landsleiki. Ég er bjartsýn og held að þetta fari 2-0 fyrir Ísland.“

Tyrkneska liðið kvartaði einnig undan slæmri meðferð á Keflavíkurlugvelli og því hversu langan tíma öryggisleit stóð yfir. Í tilkynningu frá Ísavia segir að ekkert óeðlilegt hafi verið við verklagið.



Emre, fyrirlíði Tyrkja, og uppþvottaburstinn alræmdi. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta er náttúrulega fáránlega fyndinn brandari, að taka viðtal við einhvern með uppþvottabursta.

Katrín Atladóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Brottfararflugvöllur liðsins sé utan skilgreinds öryggissvæðis fyrir ESB- og EES-ríki. Skyld sé að gera öryggisleit á farþegum sem koma frá slíkum flugvöllum. Þá segir að leitinni hafi í heildina tekið um 80 mínútur en leita hafi þurft að raftækjum og vökva í óvanalega mörgum tóskum.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna málsins. Þar segir að beðni um hraðmeðferð í gegnum vegabréfaskoðun og öryggisleit hafi einfaldlega borist of seint. Auk þess sé slík þjónusta jafnan aðeins í boði fyrir ráðamenn og háttsetta sendirindreka. [sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)

## LYFJALOUS VERKJASTILLING!



**FIT VERKJAPLÁSTRAR**  
LÁTA LÍKAMANN LINA VERKINA!

- ENGAR AUKAVERKANIR
- VATNSHIELDIR
- DUGA Í ALLT AÐ 5 DAGA



FÁST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT!



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝ COROLLA HÚN ER KOMIN AFTUR



50% RAFDRIFIN\*

Verð frá: 3.990.000 kr.



## Mest seld í heimi

Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátaðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín típa? Orkuskiptin eru hafin

2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14



\*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Skoða ólíkar sviðsmyndir í kyrrsetningarmáli ALC

**DÓMSMÁL** Ekkert útlit virðist vera fyrir að Airbus-þota bandaríska flugvélaeigufyrirtækisins ALC, sem Isavia kyrrsetti á Keflavíkflugvelli í lok mars fyrir riflega tveggja milljarða króna skuld WOW air, losni þaðan í bráð.

Landsréttur úrskurðaði 24. maí síðastliðinn að Isavia hefði verið heimilt að kyrrsetja þotu ALC sem leigð var til WOW air. Oddur Ástráðsson, lögmaður ALC, sótti í kjölfarið um leyfi Hæstaréttar til að fá málið tekið fyrir þar. Oddur kveðst

eiga von á því að ákvörðun Hæstaréttar um hvort ALC fái kæruleyfi eða ekki liggja fyrir á næstu tveimur vikum.

„Það er ekki skorið að neinu leyti úr því í niðurstöðu Landsréttar hver beri greiðsluskylduna – hvort ALC eigi yfirhöfuð að borga þessa summu – heldur bara að Isavia hafi mátt kyrrsetja vélina fyrir allri fjárhæðinni: Þeir mega stoppa það að vélin fari en hvort þeir geti sent ALC reikning er ennþá óleyst. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við erum að

**Það er ekki skorið að neinu leyti úr því í niðurstöðu Landsréttar hver beri greiðsluskylduna**

Oddur Ástráðsson, lögmaður ALC.

reyna að segja Hæstarétti að þurfi að leysa úr,“ segir Oddur.

Fáist kæruleyfi mun enn liða tími þar til Isavia skilar sinni greinargerð til Hæstaréttar. Oddur segir að á meðan beðið sé ákvörðunar Hæstaréttar skoði ALC hvaða leiðir verði skynsamlegast að fara.

„Boltinn er hjá Hæstarétti og við notum tímann á meðan til þess að velta fyrir okkur öllum þeim mögulegu sviðsmyndum sem geta komið upp miðað við ólíkar niðurstöður Hæstaréttar um þessa kærú og hvað

við gerum þá næst,“ segir hann.

Sjö þotur í eigu ALC voru í þjónustu hjá WOW þegar rekstur flugfélagsins stöðvaðist í lok mars. Tvær þeirra voru á Keflavíkflugvelli en hinar fimm á ýmsum flugvöllum erlendis. Engin fyrirstaða virðist hafa verið á flugvöllum ytra fyrir ALC að endurheimta þotur sínar þaðan enda ólíklegt að WOW hafi þar fengið að safna skuldum vegna þjónustugjalda líkt og reyndin var á Íslandi. Aðspurður kveðst Oddur ekki hafa upplýsingar um það. –gar

# Frumvarpið festi í sessi allt of langa bið almenningss eftir upplýsingum

Frumvarp forsætisráðherra leysir ekki of langan málsmeðferðartíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál heldur festir vanda málið í sessi, að mati blaðamanns. Meðalbiðtími eftir úrskurði var 212 dagar á síðasta ári. Frumvarpið mælir fyrir um 150 daga málsmeðferðartíma að hámarki. Enginn hámarksfrestur er í gildandi lögum. Þriðja umræða um málið fer fram á Alþingi í dag.

**STJÓRNSÝSLA** Lögfesta á fimm mánaða hámarks málsmeðferðartíma hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál, samkvæmt frumvarpi forsætisráðherra um breytingar á upplýsingalögum. Þriðja umræða um frumvarpið er á dagskrá Alþingis í dag.

Samkvæmt frumvarpinu er fellt brott skilyrði um að úrskurð skuli kveða upp svo fljótt sem verða má en í stað þess áskilið að úrskurð skuli kveða upp innan 150 daga frá því kára berst nefndinni.

„Okkur yfirsást að frumvarpið geri ráð fyrir því að orðin „svo fljótt sem verða má“ falli brott úr lögnum með því að 150 daga hámarkstíminn komi inn. Það var ekki markmiðið og ég hef óskað eftir því við nefndina að orðin fari aftur inn áður en frumvarpið verður samþykkt,“ segir Jón Þór Ólafsson, framsögumaður málsins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Langur málsmeðferðartími nefndarinnar hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og hjá stjórnvöldum um árabíl og hefur styst nokkuð á síðustu tveimur árum. Meðal afgreiðslutími nefndarinnar á síðasta ári var 212 dagar frá því kára barst nefndinni.

„Eðli máls samkvæmt geta upplýsingar og gögn sem kallað er eftir misst gildi sitt þegar margar vikur liða frá því óskað var eftir þeim. Þá breytir engu hvort liðið hafa 150 dagar eða 200 dagar,“ segir Jóhann Páll Jóhannsson blaðamaður sem hefur þurft að leita til úrskurðarnefndarinnar við vinnslu fréttar.



Katrín Jakobsdóttir mælti fyrir frumvarpinu í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Ef það væri pólitískur vilji fyrir því að stórefla upplýsingarétt væri auðvitað lögfestur miklu styttri málsmeðferðartími og stöðugildum fjölgað hjá úrskurðarnefndinni.**

Jóhann Páll Jóhannsson, blaðamaður



„Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að „æskilegur málsmeðferðartími“ hjá nefndinni séu 90 dagar. Allt yfir það hlýtur þá að teljast óæskilega langur málsmeðferðartími. Þrátt fyrir það vill ríkisstjórnin lögfesta 150 daga sem hámarks málsmeðferðartíma,“ segir hann.

„Ef það væri pólitískur vilji fyrir því að stórefla upplýsingarétt væri auðvitað lögfestur miklu styttri málsmeðferðartími og stöðugildum fjölgað hjá úrskurðarnefndinni til að hún gæti staðið undir því. Hér er ekki verið að gera það heldur í staðinn bara verið að festa í sessi fyrirkomulag þar sem landsmenn þurfa oft að bíða í fleiri mánuði eftir því að fá upplýsingar sem þeir eiga rétt á og varða almanna-hag.“

Samkvæmt frumvarpinu verður nýju starfi ráðgjafa um upplýsingamál komið á fót. Honum er ætlað að leiðbeina borgurum um framsetningu beiðna um aðgang að gögnum og vera stjórnvöldum og öðrum aðilum til ráðgjafar um meðferð beiðna um aðgang að gögnum og töku ákvörðunar um rétt beiðanda til aðgangs.

Hvorki er hins vegar í lögnum né frumvarpinu kveðið sérstaklega á um starfslíð fyrir úrskurðarnefndina en hún hefur aldrei haft fastráðinn starfsmann í fullu starfi. Þau svör fengust í forsætisráðuneytinu að auglýst yrði fullt starf ritara fyrir nefndina á næstu misserum.

adalheidur@frettabladid.is

## Efni nokkurra úrskurða frá 2018 og fjöldi daga sem liðu frá kærú úrskurðar

- Úrskurður um aðgang blaðamanns að sátt sem RÚV gerði um bætur til einstaklings sem höfðað hafði meiðryðamál við stofnunina. Í úrskurðinum er vísað til þess að um sé að ræða upplýsingar um ráðstöfun opinbers fjár sem almenningur eigi ríkan rétt til að kynna sér. **193 dagar.**
- Úrskurður um aðgang blaðamanns Fréttablaðsins að fundargerðum kjararáðs. **104 dagar.**
- Úrskurður um aðgang blaðamanns að minnisblöðum í velferðarráðuneytinu tengdum samskiptum barnaverndarnefnda við Barnaverndarstofu. **184 dagar.**
- Úrskurður um aðgang erlends blaðamanns að trúnaðarbréfi sendiherra Íslands í Palestínu. **155 dagar.**
- Úrskurður um aðgang blaðamanns að upplýsingum um styrktarsamning milli Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands og Gamma Capital Management hf. **161 dagar.**
- Úrskurður sem staðfesti synjun um aðgang að gögnum hjá Samgöngustofu um hergagnaflutninga á tilteknu tímabili. **217 dagar.**



## JEEP CHEROKEE

### SUMARTILBOÐ

#### ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Helsti staðalbúnaður Jeep Cherokee Longitude Luxury\*:

- 2.2 lítra 195 hestafla díselvél, 9 gíra sjálfskipting
- Jeep Active Drive I Select Terrain með 4 drifstillingum,
- Rafdrifin snertilaus opnun á afturhlara
- Leðurinnrétting
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð
- Hágæða Alpine hljómlutningskerfi með bassaboxi
- Apple & Android Car Play

SUMARPAKKI 1: Málmlitur  
TILBOÐSVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: **7.390.000 KR.** - LISTAVERÐ 8.110.000 KR.

SUMARPAKKI 2: Málmlitur, borgarþakki, þægindapakki og glerþak (panorama).  
TILBOÐSVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: **8.090.000 KR.** - LISTAVERÐ 8.860.000 KR.



**ÍSABAND**  
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOD

UMBODSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18  
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE



Way of Life!

# SWIFT, VERÐLAUNABÍLL Í SÉRFLOKKI!

Suzuki Swift var valinn bíll ársins í flokki smærri fólksbíla, fékk gullverðlaun í „Grand Prix Auto Environment“ í Frakklandi ásamt fleiri verðlaunum og viðurkenningum.



Suzuki Swift hefur frábæra aksturseiginlega og er með nýjum, kraftmiklum og einstaklega sparneytnum vélum.

Suzuki Swift er fánlegur sjálfskiptur, beinskiptur og einnig fjórhjóladrifinn.

VERÐ FRÁ KR.

**2.390.000**

*Það er alltaf Suzuki veður!*



● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Á fimmta tug manna komu að björgunaraðgerðum á vettvangi slyssins við Múlakot í Fljótshlíð á sunnudagskvöld. Nota þurfti klippur til að komast að fólkinu í vélinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hjón létust í slysinu ásamt syni sínum

Hjón fórust ásamt syni sínum í flugslysinu sem varð við Múlakot í Fljótshlíð á sunnudagskvöld. Annar sonur hjónanna og tengdadóttir liggja alvarlega slösuð á Landspítalanum. Líðan þeirra er stöðug að sögn lögreglu. Tildrög slyssins eru í rannsókn.

**FLUGSLYS** Hjón fórust ásamt syni sínum í flugslysinu sem varð við flugvöllinn í Múlakoti í Fljótshlíð á sunnudagskvöld. Annar sonur hjónanna og tengdadóttir liggja alvarlega slösuð á Landspítala eftir slysið. Líðan þeirra er stöðug að sögn lögreglu.


Á fimmta tug slökkviliðs-, lögreglu- og sjúkraflutningamanna komu að aðgerðum á slysstað. Tvær þýrlur Landhelgisgæslunnar fóru einnig á vettvang og fluttu hin slösuðu til Reykjavíkur. Þá veitti viðbragðsteymi Rauða kross Íslands vitnum að atvikinu og öðrum á vettvangi sálrænan stuðning.

Eitt vitni varð að brotlendingu vélarinnar rétt norðan við flugvöllinn í Múlakoti upp úr klukkan 20 en flugmaður vélarinnar hafði átt snertilendingar á flugvöllum skömmu fyrir slysið. Um æfingu er að ræða þar sem flugtaksbrun er hafð án þess að vélin sé stöðvuð.

Þegar slökkviliðið kom á vettvang logaði eldur í vinstri væng vélarinnar og beita þurfti klippur til að komast að fólkinu sem var í vélinni.

Tildrög slyssins eru í rannsókn hjá rannsóknardeild lögglustjórans á Suðurlandi sem nýtur aðstoðar bæði rannsóknarnefndar samgönguslysa og tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

## Flugslys í Fljótshlíð



» Vél sem brotlenti er tveggja hreyfla fimm manna vél af gerðinni Piper PA-23. Vél hafði áður lent í óhappi við sama flugvöll.

„Við tókum við vettvangnum á sunnudagskvöldið og héldum áfram fram á nótt. Þá voru allir farnir nema við og við kláruðum vettvangsrannsókn snemma á mánudagsmorguninn. Svo förum við bara í það að ganga frá flakinu. Fengum bíl til að koma því í skýli til okkar til frekari rannsóknar,“ segir Ragnar Guðmundsson hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa

## Tugir hafa farist í flugslysum á síðustu áratugum

### 5. ágúst 2013

TF-MYX, sjúkraflugvél Mýflugs, brotlenti á akstursípróttabraut við Hlíðarfjallsveg á Akureyri. Tveir létust.

### 7. ágúst 2000

TF-GTI, á vegum Leiguflugs Ísleifs Ottesen, með sex manns innanborðs hrapaði í sjóinn í Skerjafirði. Allir sex létust

### 14. september 1995

TF-ELS, vél flugskólans Flugtaks, brotlenti í Glerárdal. Þrjú ungar menn létust, allir frá Patreksfirði.

### 3. maí 1967

DC-3, flugvél Flugsýnar sem var í vöruflutningaflugi, fórst við landingu í Vestmannaeyjum. Þrjú létust.

### 15. desember 1953

P2V Neptune herflugvél fórst á Mýrdalsjökli. Átta bandarískir hermenn fórust.

### 29. maí 1947

TF-ISI Douglas DC-3 flugvél Flugfélags Íslands flaug á Hestfjall í Héðinsfirði. Þetta er mannskæðasta flugslys Íslandssögunnar. Allir 25 sem voru um borð létust.

í samtali við Fréttablaðið. Svo verði rætt við vitni.

Búið er við að rannsókn taki einhverjar vikur.

Um tveggja hreyfla fimm manna Piper PA-23 vél er að ræða. Hún er skráð í Georgíu í Bandaríkjunum. Framleiðsluár hennar er skráð 1957 en hún hefur samkvæmt skráningu verið endurnýjuð að mjög miklu leyti. Þessi sama vél

lenti í ógöngum við flugvöllurinn í Múlakoti fyrir rúmum áratug. Flugmaður vélarinnar var þá að æfa snertilendingar. Honum urðu á mistök sem leiddu til þess að flugvél hafnaði á flugbrautinni með nef og skrúfu á undan. Ekki urðu slysið fólk.

sighvatur@frettabladid.is, adalheidur@frettabladid.is, palmik@frettabladid.is

# SUMARTILBOÐ!

## BRIMBORG



### VOLVO V40 CROSS COUNTRY D2 Momentum Edition 120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.

Sumartilboð: 4.390.000 kr.

**-848.000 KR.**

**TAKMARKAÐ  
MAGN!**



**GEGGJUÐ  
TILBOÐ!**

**OPIÐ  
VIRKA DAGA 9-17  
LAUGARDAGA 12-16**



### MAZDA CX-5 VISION 2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur, FWD

SkyActiv spartækni, snjallhæmlunarkerfi, blindpunktsaðvörun, háþróuð i-Activsense árekstrarvarnartækni og brekkuaðstoð gerir það að verkum að Mazda CX-5 er búinn öllu því besta frá Mazda. Auk þess er Mazda CX-5 með veglínuskynjara með hjálparátaki, ökumannsvaka og hraðastilli. Einnig fánlegur fjórhjóladrifinn.

Verðlistaverð með málmlit: 5.380.000 kr.

Sumartilboð: 4.880.000 kr.

**-500.000 KR.**



**GEGGJUÐ  
TILBOÐ!**



### CITROËN C3 AIRCROSS SHINE SUV 1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Ferskir straumar einkenna Citroën C3 Aircross. Útlit hans er kröftugt og hvert smáatriði úthugað. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Grip Control spólvörninn hefur 5 stilingar fyrir mismunandi erfiðar aðstæður. Lyklalaust aðgengi og bakkmyndavél setja punktana yfir e-ið.

Verðlistaverð með aukabúnaði 4.340.000 kr.

Sumartilboð: 3.990.000 kr.

**-350.000 KR.**



**GEGGJUÐ  
TILBOÐ!**



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8  
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

### FORD KA+ ULTIMATE SPORT 1.2i bensín, 85 hö, beinskiptur



Útvarp og geislasplari með 4,2" litaskjá, SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), USB tengi og AppLink, 4 hátalarar, stillingar fyrir útvarp í stýri, My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja o.fl.), 2 stk. ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, ESC með brekkuaðstoð, hraðatakmarkari, Easy Fuel án skúfaðs bensínloks, aksturstölva, loftkæling, hæðarstillanlegt ökumannssæti, tvískipt aftursæti (40/60), ofnæmisprófuð efni í innréttingu, upphitanleg framsæti.

Verð með málmlit: 2.055.000 kr.

Sumartilboð: 1.690.000 kr.

**-365.000 KR.**



### PEUGEOT 2008 ALLURE 1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur



Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.

Sumartilboð: 3.250.000 kr.

**-400.000 KR.**



**Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér  
nýjan bíl á geggjudu Sumartilboði!**

brimborg.is

## Brotthvarf stendur í stað

**MENNTAMÁL** Brotthvarf nýnema úr framhaldsskólum stendur í stað milli ára. Þetta kemur fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Ingu Sæland, þingmanns Flokks fólksins. Inga óskaði eftir tölum frá aldamótum, en ekki eru til tölur frá því fyrir 2010 og engin kyngreind gögn nema þrjú ár aftur í tímann.

Árlegt brotthvarf nýnema hefur staðið í stað frá 2010, eða á bilinu 6 til 8 prósent af nýnemahópum sem telja iðulega í kringum rúmlega 4 þúsund nemendur.

Brotthvarf er meira meðal karlkyns nemenda en kvenkyns. Á skólaárinu 2017 til 2018 var brotthvarfið 6,4 prósent af 3.980 nemendum, eða 258 nemendur. Þar af voru 153 karlkyns nemendur. – **ab**



Theresa May. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Tíu vilja taka við af May

**ERLENT** Í gærkvöldi kom í ljós að tíu manns bjóða sig fram til formanns breska Íhaldsflokksins og þar með til forsætisráðherraembættis Bretlands.

Þingmenn Íhaldsflokksins, sem eru 313 talsins, greiða atkvæði á fimmtudaginn og ef framþjóðendum tekst ekki að fá sautján atkvæði eru þeir útilokaðir úr næstu umferð kosninganna.

Í hópnum eru tvær konur og átta karlar, fimm þeirra eru núverandi ráðherrar í ríkisstjórn Theresu May og fimm eru fyrrverandi ráðherrar. Meðal ráðherranna fyrrverandi sem bjóða sig fram til formanns eru Andrea Leadsom, sem tapaði fyrir May í síðustu formannskosningum, og Boris Johnson, sem er af mörgum talinn líklegastur til sigurs. – **pk**

# Ógnvekjandi fjöldi plantna útdauður af mannavöldum

Ný alþjóðleg rannsókn staðfestir að tæplega sex hundruð plöntutegundir hafa orðið útdauðar frá því um miðja 18. öld. Sú tala er að öllum líkindum of lág að mati vísindamanna sem hafa áhyggjur af áhugaleysi þegar kemur að mikilvægi plantna. Þær séu burðarás vistkerfa jarðar og undirstaða lífs á plánetunni.

**UMHVERFISMÁL** Eyðilegging lífríkis af mannavöldum hefur valdið því að „ógnvekjandi“ fjöldi plöntutegunda er nú útdauður samkvæmt vísindamönnum sem hafa lokið fyrstu alþjóðlegu greiningunni á viðfangsefninu. Breski miðillinn The Guardian greinir frá.

Samkvæmt rannsókninni hefur 571 tegund örugglega orðið útdauð síðan 1750 en þar sem þekking okkar á mörgum plöntutegundum er enn mjög takmörkuð er raunin líklega að fjöldinn sé töluvert meiri. Rannsóknin segir líka útrýmingarhraða plöntulífs hafa fimmhundruðfaldast síðan fyrir iðnbýltinguna á Vesturlöndum en talið er líklegt að sú tala sé einnig of lág.

„Plöntur eru undirstaða alls lífs á plánetunni,“ segir doktor Eimear Nic Lughadha, sem starfar hjá Konunglega grasagarðinum í Kew í London og var í rannsóknarteyminu. „Þær eru okkur lífsnauðsynlegar, sjá okkur meðal annars fyrir súrefni sem við öndum að okkur og mat sem við borðum og eru einnig burðarás vistkerfa jarðar – þannig að útrýming plöntutegunda eru vondar fréttir fyrir alla.“

Fjöldi plöntutegunda sem hafa horfið úr náttúrunni er rúmlega tvöfaldur fjöldi útdauðra fugla, spendýra og froskdýra samanlagður. Nýja talan er að auki fjórfaldur fjöldi útdauðra plantna á skrá á rauða lista alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN (The International Union for Conservation of Nature).

„Þetta er miklu meira en við áður vissum og miklu meira en hefði átt að verða útdautt,“ sagði doktor María Vorontsova, sem vinnur líka í grasagarðinum. „Þetta er ógnvekjandi, ekki bara vegna tölunnar 571,



Frá Konunglega grasagarðinum í Kew í London þar sem rannsakendurnir starfa. NORDICPHOTOS/GETTY

heldur vegna þess að ég tel sönnu töluna vera miklu hærri.“

Hún sagði raunina vera að sanni útrýmingarhraðinn gæti auðveldlega verið margfalt meiri en sá sem greint er frá í könnuninni sem birt var í tímaritinu Nature Ecology and Evolution. Sem dæmi mætti nefna þúsundir plöntutegunda sem eru „lifandi dauðar“ þar sem síðustu lifandi einstök eiga engan möguleika á að fjölga sér vegna þess að

**Þetta er miklu meira en við áður vissum og miklu meira en hefði átt að verða útdautt.**

Dr. María Vorontsova

til dæmis aðeins eitt kyn er enn lifandi eða að dýrin sem áður dreifðu fræjum plöntunnar eru útdauð.

„Við þjáumst af plöntublindni. Dýr eru sæt, mikilvæg og fjölbreytt en ég er í algjöru losti yfir áhugaleysinu og skorti á meðvitund um mikilvægi plantna. Við tökum þeim sem gefnum, og mér finnst ekki að við ættum að gera það,“ bætti Vorontsova við.

palmik@frettabladid.is

# SUMARTILBOÐ! BRIMBORGAR

## FORD KA+

ULTIMATE SPORT 1.2i bensín, 85 hö, beinskiptur

Mánaðargreiðsla:  
**24.624 kr.**

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.690.000 kr.
- Útborgun 169.000 kr.
- Vextir 8%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,60%

Verð með málmlit:  
**2.055.000 kr.**

**SUMARTILBOÐ:**  
**1.690.000 KR.**

*Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford KA+*

-365.000 KR.

GEGGJUÐ  
TILBOÐ!

[ford.is](http://ford.is)

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.  
Bílar okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



Rnr. 145974

**RENAULT Koleos Initialé Paris**  
Nýskr. 02/19, ekinn 19 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 5.990.000 kr.



Rnr. 145789

**SUBARU Outback Premium Eyesight**  
Nýskr. 06/16, ekinn 55 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.190.000 kr.



Rnr. 145858

**RENAULT Captur Intens**  
Nýskr. 09/16, ekinn 33 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.490.000 kr.



Rnr. 145975

**NISSAN Leaf Tekna 40kw**  
Nýskr. 10/18, ekinn 3 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.  
Verð 4.490.000 kr.



Rnr. 110128

**MAZDA CX-3 Optimum 2wd**  
Nýskr. 10/18, ekinn 6 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.690.000 kr.



Rnr. 130003

**KIA Niro Plugin Hybrid Luxury**  
Nýskr. 09/17, ekinn 27 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.190.000 kr.



Rnr. 145848

**HYUNDAI Tucson Classic 4wd**  
Nýskr. 07/18, ekinn 50 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.990.000 kr.



Rnr. 121693

**SUBARU Forester Lux**  
Nýskr. 01/19, ekinn 2 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 5.990.000 kr.



Rnr. 121717

**NISSAN Qashqai Acenta 2wd**  
Nýskr. 06/17, ekinn 33 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.990.000 kr.



Rnr. 332041

**HYUNDAI Kona Style**  
Nýskr. 06/18, ekinn 14 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.590.000 kr.

## TILBOÐSBÍLAR Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur - fyrstur fær!

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árið er hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtaöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

**Lykill**  
fjármögnun



Rnr. 430336

**AFSLÁTTUR 400.000 KR.**  
**KIA Ceed Kappa**  
Nýskr. 05/17, ekinn 50 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**1.890.000 kr.**  
24.470 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 145391

**AFSLÁTTUR 400.000 KR.**  
**NISSAN Qashqai Tekna 2wd**  
Nýskr. 09/17, ekinn 18 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.290.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**3.890.000 kr.**  
49.960 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 153661

**AFSLÁTTUR 400.000 KR.**  
**RENAULT Megane IV Zen**  
Nýskr. 06/16, ekinn 86 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 1.990.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**1.590.000 kr.**  
20.647 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 285078

**AFSLÁTTUR 500.000 KR.**  
**SUBARU Outback Premium Eyesight**  
Nýskr. 06/17, ekinn 56 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.390.000 kr.


**TILBOÐ!**  
**3.890.000 kr.**  
49.960 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



Rnr. 145869

**AFSLÁTTUR 500.000 KR.**  
**TOYOTA Rav4 GX 4wd**  
Nýskr. 05/16, ekinn 95 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.490.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**2.990.000 kr.**  
38.490 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



✓ Ástandsskoðun

✓ Allt að 80% lán

✓ Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is  
www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 alla virka daga  
og laugardaga frá kl. 12-16

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bilaland**

+PLÚS



## Líf og fjör í Laugardalnum

Fjölmarginir íbúar höfuðborgarsvæðisins nýttu sér góða veðrið í gær til að heimsækja Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í Laugardal. Anton Brink ljósmyndari Fréttablaðsins fór og fangaði stemninguna.



# Röng skilaboð



Sighvatur Arnmundsson  
sighvatur@frettabladid.is

Það eru stjórnendur sem standa í vegi fyrir því að takast á við loftslagsvandann því þeir eru bundnir við gamla tíma, börnin eru það ekki," sagði Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, í helgarviðtali í Fréttablaðinu. Páll, sem verður 96 ára í sumar, hrósar ungu kynslóðinni sem meðal annars hefur staðið fyrir vikulegum loftslagsmótum til að krefja stjórnvöld um frekari aðgerðir. Landvernd tekur undir með þessum kröfum en á aðalfundi samtakanna í síðasta mánuði var samþykkt ályktun þar sem skorað er á íslensk stjórnvöld að lýsa yfir neyðarástandi vegna loftslagsbreytinga. Loftslagsmálin eru loksins að fá þá athygli sem þau eiga skilið og ljóst að umræðan mun ekki hverfa.

Þessa þróun má líka sjá með greinilegum hætti í löndunum í kringum okkur. Þannig unnu Græningjar og samstarfsflokkar þeirra mikinn sigur í Evrópuþingskosningum í lok síðasta mánaðar. Grænir flokkar eru ekki lengur á jaðrinum í stjórnmálunum heldur áhrifamikil afl sem taka verður mark á.

Umhverfismál og þá sérstaklega loftslagsmál voru líka áberandi í nýafstöðnum þingskosningum í Danmörku. Í könnun sem gerð var í aðdraganda kosninganna töldu raunar flestir að umhverfis- og loftslagsmál væru mikilvægasta málefnið, eða 22 prósent kjósenda. Tveir af þremur helstu stuðningsflokkum Jafnaðarmanna í rauðu blokkinni bættu miklu fylgi við sig í kosningunum. Þessir flokkar lögðu einmitt mjög mikla áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum. Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr stjórnarmyndunarviðræðunum en gera má ráð fyrir afar metnaðarfullum markmiðum þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda. Þannig hafa Jafnaðarmenn talað fyrir því að losunin verði 60 prósentum minni árið 2030 en hún var 1990. Samstarfsflokkarnir í rauðu blokkinni vilja ganga enn lengra og ná 70 prósentum minni losun. Til samanburðar hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig á grundvelli Parísarsamkomulagsins til að hafa minnkað losun um 40 prósent árið 2030 miðað við 1990.

Ríkisstjórnin setti fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum síðastliðið haust þar sem meðal annars er stefnt að kolefnishlutleysi landsins árið 2040. Nú þegar samdráttur er í efnahagskerfinu og endurskoða þarf ríkisfjármálin er mikilvægt að stjórnvöld sýni þá fram-sýni að draga ekki úr fjárveitingum til málaflokksins. Fréttir hafa borist af því að meðal breytingatillagna við fjármálaáætlun næstu fimm ára sé niðurskurður til umhverfismála upp á 1.400 milljónir króna miðað við upphaflegar tillögur. Þótt það séu kannski ekki miklir fjármunir í stóra samhenginu myndi það senda röng skilaboð inn í framtíðina.

Páll Bergþórsson hefur trú á því að ungu kynslóðinni takist að leysa vandann á heidarlegan og snjallan hátt en mikilvægt sé að skipta um orkugjafa sem allra fyrst. Ef þeirri kynslóð sem nú er við stjórnvölinn tekst ekki að leysa loftslagsvandann verður hún að sjá til þess að það verði ekki of seint fyrir þá næstu.

**Ef þeirri kynslóð sem nú er við stjórnvölinn tekst ekki að leysa loftslagsvandann verður hún að sjá til þess að það verði ekki of seint fyrir þá næstu.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Háværi minnihlutinn**  
Óþekktur bréfitari næststærsta dagblaðs landsins fór mikinn gegn forystu Sjálfstæðisflokksins um helgina. Þeir sem enn lesa Reykjavíkurbref hafa fyrir löngu áttað sig á að viðkomandi á litíð erindi í Sjálfstæðisflokkinum. Bréfitari á augljóslega betur heima í Miðflokknum en öðrum flokkum. Tilgangur skammanna á líklegast að vera að hræða forystuna til að fara aftur í timann. Það getur ekki verið auðvelt fyrir mann sem áður leiddi þöglu meirihlutann að átta sig á að gamlir viðhlæjendur hans eru það svo sannarlega ekki í dag.

**Þvottaburstinn**  
Óvæntasta drama hvítasunnuhelgarinnar var óneitanlega Belginn sem móðgaði tyrknesku þjóðina fyrir hönd Íslands með því að reka uppþvottabursta framan í leikmann Tyrklands. Þetta furðulega grín var kornið sem fyllti mælið hjá gestum okkar sem höfðu þurft að bíða í þrjá tíma á Keflavíkflugvelli af öryggisástæðum. Tyrkneski utanríkisráðherrann hefur beðið þann íslenska um afsökunarbeiðni. Er þá ekki komið að okkur að krefja utanríkisráðherra Belga um afsökunarbeiðni?  
arib@frettabladid.is

## Birtir til



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra.



**Í dag – á Þjóðhátíðardegi Rússlands – er því gott að muna að þrátt fyrir allt eiga Rússland og Ísland langa sögu góðra samskipta á mörgum sviðum, ekki síst milliríkja- viðskipta.**

Þrátt verða fjögur ár liðin frá því að stjórnvöld í Rússlandi settu innflutningsbann á íslenska matvöru út af þátttöku í afmörkuðum þvingunaraðgerðum vegna Úkraínudeilunnar og brota á alþjóðalögum sem skipta okkur miklu. Bannið hafði í för með sér mikinn samdrátt á útflutningi til Rússlands enda mun umfangsmeira en aðgerðirnar sem Ísland tekur þátt í.

Stundum er sagt að þegar einar dyr lokist opnast aðrar. Þannig hafa ný markaðstækifæri opnast í Rússlandi, ekki síst vegna sívaxandi fjárfestinga Rússa í landbúnaði og sjávarútvegi – meðal annars vegna þess að lokað var fyrir innflutning á vestrænum matvællum!

Það er ánægjulegt að tækifærin eru á sviði nýsköpunar og hátækni, atvinnuvega sem íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að byggja upp til framtíðar. Íslensk þekkingarfyrirtæki sem framleiða búnað fyrir matvælavinnslu og fiskveiðar hasla sér nú völl í Rússlandi. Nú þegar hafa nokkur gert eða eru við það að ganga frá milljarðasamningum um sölu á tækni og búnaði til nýrra skipa eða vinnslu í landi.

Tækifæri eru líka á sviði landbúnaðar. Þótt íslensk mjólk komi reyndar hvergi nærri hófu íslenskir aðilar nýverið í gegnum samstarfssamning við rússnesk mjólkurbú skyrframleiðslu eftir íslenskri uppskrift.

Til marks um gagnkvæman áhuga á viðskiptum þjóðanna má svo nefna að nýverið fóru annars vegar fram stofnfundur Rússnesks-Íslensks viðskiptaráðs og hins vegar fundur Íslandsstofu með rússneskum og íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Rússneskt flugfélag býður nú upp á beint flug á milli landanna yfir sumarmánuðina.

Síðast en ekki síst skiptir miklu að þótt íslensk og rússnesk stjórnvöld greini á um ýmislegt fara samskiptin batnandi. Forsetar landanna hittust fyrr á árinu og í maí, þegar Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu, átti ég fund með utanríkisráðherra Rússlands, þar sem gott samstarf á vettvangi norðurslóða var undirstríkað.

Í dag – á Þjóðhátíðardegi Rússlands – er því gott að muna að þrátt fyrir allt eiga Rússland og Ísland langa sögu góðra samskipta á mörgum sviðum, ekki síst milliríkja- viðskipta. Að þessu sambandi vil ég áfram hlúa.

## Umhverfissjóður sjókvíaeldis

### Umhverfissjóður sjókvíaeldis auglýsir styrki til rannsókna vegna burðarþolsmats, vöktunar o. fl.

Markmið Umhverfissjóðs sjókvíaeldis er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis.

Sjóðurinn greiðir kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna. Við mat á umsóknum við úthlutun 2019 munu framhaldsverkefni njóta forgangs.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna á vefslóð sjóðsins [www.umsj.is](http://www.umsj.is).

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið [postur@anr.is](mailto:postur@anr.is) eigi síðar en **5. júlí 2019**.

Frekari upplýsingar veitir Ása María H. Guðmundsdóttir, [asa.maria@anr.is](mailto:asa.maria@anr.is)

# Myrkraverk á Svörtuloftum



Örn Karlsson  
vélaverkfræðingur

Árið 1997 var gerð merkileg uppgötvun í hagfræðinni. Uppgötvunin var mikilsverð fyrir Íslendinga sérstaklega af því að við notum verðtryggða krónu á grundvelli vísitölu neysluverðs og ekki síður af því að við breytum stýrivöxtum eftir sömu vísitölu. En fréttir í hagfræðiheiminum eru lengi að berast og enn hafa hagfræðingar háskólanna, stjórnvalda, seðlabanka og greiningardeilda banka ekki frétt af þessari uppgötvun nú rúmlega 20 árum síðar. Uppgötvunin snarbreytti viðmiðunum Seðlabanka Bandaríkjanna við ákvörðun stýrivaxta og uppfínningamaðurinn var gerður að æðsta manni bankans.

Hvernig gat þessi stórmerka uppgötvun sem umbreytti nálgun Bandaríkjamanna að peningastjórn farið gersamlega framhjá íslenskum fræðimönnum? Og hvernig stendur á því að hún hefur ekki enn skolast að landi nú 20 árum síðar?

Í stuttu máli þá skýrðu Ben Bernanke og fleiri frá því árið 1997, eftir ítarlegar rannsóknir, að olíukreppurnar skelfilegu á síðustu öld hefðu ekki stafað af olíuverðshækkunum eins og flestir gengu út frá fram að því, heldur hefðu kreppurnar verið

tilbúnar af Seðlabanka Bandaríkjanna með því að stýrivextir voru hækkaðir sem svar við ört hækkandi vísitölu neysluverðs. Kreppurnar voru því mannanna verk, stjórnenda Seðlabanka Bandaríkjanna.

En seðlabankinn bandaríski brást skjótt við. Hann fékk Ben Bernanke til liðs við sig til að glíma við fjármálakreppuna síðla árs 2000 og sama ár hætti bankinn að miða við vísitölu neysluverðs við vaxta-ákvörðanir og tók upp nýtt viðmið sem grundvallaðist á mælingum á undirliggjandi verðbólgu (e. core inflation). Ben Bernanke fékk síðar mun stærra hlutverk í bankanum eins og flestum er kunnugt.

Til að átta sig á því hvað hér er að gerast er nauðsynlegt að kafa dýpra í klassíska hagfræði. Til hjálpar er gott að nota hugtök Carls Mengers um innra og ytra virði peninga. Innra virðið stendur fyrir verðgildi gjaldmiðilsins á vinnusvæði sínu en ytra virðið ræðst af því hvað hægt er að kaupa fyrir gjaldmiðilinn á gefnum tímamarki. Ætla mátti við fyrstu sýn að þetta sé sami hluturinn en þegar betur er að gáð er alls ekki svo og þar liggur hundurinn grafinn. Olíukreppurnar riðu yfir af því að menn gerðu ekki greinarmun á. Seðlabanki Íslands gerir enn þann dag í dag ekki greinarmun á og framleiðir því „olíukreppur“ eins og enginn sé morgundagurinn. Við erum einmitt í einni slíkri núna.

Glíðun verður milli breytinga á innra og ytra virðinu þegar atvik óháð peningum leiða til raunbreytinga á verði einstakra vara og



vöruflokka. Breytist þá ytra virðið meðan innra virðið stendur í stað.

Tökum dæmi: Segjum að húsnæðisverð hækki snögglega vegna atvika óháðra peningum, t.d. skyndilegs áhuga ferðamanna á landinu. Ytra virði krónunnar hefur þá lækkað en innra virðið stendur í stað. Vísitala neysluverðs mælir ytra virðið sennilega þokkalega. Af því að verðtryggðir lánasamningar eru bundnir vísitölu neysluverðs hækka þeir þegar ytra virðið lækkar. Ef innra virðið lækkar ekki til samræmis eins og í þessu dæmi hafa verðtryggðir lánasamningar hækkað að raungildi. Lánastofnarnir halda nú á hærri kröfum að raungildi og peningamagn í umferð hefur hækkað að sama skapi að raungildi.

Þegar Seðlabankinn hækkar stýrivexti við þessar aðstæður hefur hann í raun hækkað raunvaxtastigið sem þrýstir þá genginu upp. Peningamagn í umferð fær þá meiri

kaupmátt. Þetta jafngildir peningaprentun sem nemur kaupmáttaraukningunni. Atvinnufyrirtæki líða fyrir hærri raunvaxtastig og þar kemur að ferlið leiðir til ósjálfbærs hagkerfis vegna afleiddra þrenginga í rekstri atvinnufyrirtækja og falsks kaupmáttar krónunnar. Þetta upplifum við nú.

Núverandi seðlabankastjóri var eflaust í góðri trú fyrir rúmum 2 árum þegar hann hélt að hann væri búinn að kveða verðbólguþrauginn niður. Sömuleiðis var hann eflaust í góðri trú þegar hann varði sína háu vexti með því að benda á að þeir væru alls ekkert háir í sögulegu samhengi. Sögulegt samhengi er hins vegar sísti mælikvarði á rétta vexti og síðla árs 2016 lá ljóst fyrir að verðbólgan kraumaði undir ofreistu genginu.

Stöðugleikinn sem við öll vonumst eftir kemur aldrei með núverandi peningastefnu. Við verðum að færa vextina til hlutleysis gagn-



